

## A 1827/välfärd

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga um norrænt samstarf gegn skaðlegum áhrifum fíkniefna****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

*að þær feli Norrænu ráðherranefndinni að láta vinna sameiginlega úttekt á stefnu norrænu landanna í fíkniefnamálum í því skyni að finna bestuáðferðirnar til að draga úr skaða af völdum fíkniefnaneyslu*

*að þær feli Norrænu ráðherranefndinni að marka norræna stefnu við að kortleggja og bæta samstarf gegn fíkniefnasmygli*

**Bakgrunnur**

Til eru margar gerðir fíkniefna og þau hafa fylgt mannum lengi. Neysla fíkniefna veldur ekki aðeins þeim sem þau nota skaða heldur einnig fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Ástæða er til að vinna á pólitískum vettvangi gegn skaðlegum áhrifum fíkniefnaneyslu. Norrænu löndin ættu í auknum mæli að vinna saman í þessum málum.

Átakanlegasti skaðinn af fíkniefnum er þegar fólk lætur lífið vegna neyslu þeirra. Einkum eru það neytendur ópíóða, svo sem heróíns, sem deyja. Norrænu löndin hafa að sumu leyti haft mismunandi stefnu um skaðaminnkun og ættu að geta lært margt hvert af öðru á sviði fíknimeðferða. Meðferð getur falist í að hjálpa neytendum að losna við fíkn en stundum geta aðrar aðferðir verið vænlegri til árangurs, svo sem að gefa lyf sem koma í stað fíkniefna.

Fíkniefni hafa einnig í för með sér skaða fyrir samfélagið í heild. Þar sem fíkniefni eru ólögleg eru öll viðskipti með þau hluti af svarta hagkerfinu. Innan dómskerfisins eru fíkniefnaviðskipti oft talin drifkrafturinn í grófri, skipulagðri glæpastarfsemi. Með því að draga úr framboði á fíkniefnum er hægt að minnka umsvif svarta hagkerfisins.



Þar sem fíkniefni eru flutt yfir landamæri er um sameiginlegt vandamál að ræða, ekki síst hvað norrænu löndin varðar. Í pólitískum umræðum um þetta vandamál er ítrekað kallað eftir kortlagningu á tengslum fíkniefna og glæpastarfsemi og hvernig sé best að löggæslan nálgist málið. Með auknu samstarfi, til dæmis á sviði lög- og tollgæslu, væri hægt að draga úr smygli.

Stokkhólmi, 28. október 2019

Anna Kolbrún Árnadóttir (M)	Kjell-Arne Ottosson (KD)
Arman Teimouri (L)	Linda Ylivainio (C)
Bertel Haarder (V)	Magnus Ek (C)
Britt Lundberg (ÅC)	Mikael Staffas (Lib)
Edmund Joensen (sb)	Mikko Kärnä (cent)
Grunde Almeland (V)	Mikko Kinnunen (cent)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)	Nils Sjøberg (RV)
Heli Järvinen (grænum)	Outi Alanko Kahiluoto (grænum)
Janine Alm Ericsson (MP)	Rebecka Le Moine (MP)
Jaspur Langgaard (sb)	Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Joakim Strand (sv)	Torhild Bransdal (KrF)
Jouni Ovaska (cent)	Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)
Ketil Kjenseth (V)	